

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vekja athygli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á stöðu skólahjúkrunar í Reykjavík. Vísbendingar eru um að fjölmargir skólar í Reykjavík uppfylli ekki viðmið um að 650 nemendur séu að baki hverju fullu stöðugildi skólahjúkrunarfræðings en dæmi eru um að ríflega þúsund nemendur séu að baki hverju stöðugildi. Skóla- og frístundaráð hvetur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að nýta fyrirbyggjandi gögn til að knýja á um úrbætur þar sem þörf er á að fjölga skólahjúkrunarfræðingum í borginni til að uppfylla viðmið um nemendafjölda.

Greinargerð:

Á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna og borgarstjórnar 2019 lögðu fulltrúar ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða fram tillögu þess efnis að gerðar verði ráðstafanir til að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar. Ljóst er að skólahjúkrunarfræðingar sinna mikilvægri þjónustu við nemendur í grunnskólum borgarinnar. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um heilsugæslustöðvar nr. 787/2007 er tiltekið að þjónusta skólahjúkrunarfræðinga sé á ábyrgð heilsugæslunnar á hverjum stað. Ljóst er af tölum frá mars 2019 að viðmiðum um nemendafjölda að baki hverju stöðugildi skólahjúkrunarfræðings er víða ábótavant. Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið í samstarfi við skólastjóra veki athygli Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins á þessari stöðu svo grípa megi til aðgerða til úrbóta.